



Reykjavík, 27. mars 2023

Efni: Svar Strætó við fyrirspurn íbúaráðs Kjalarness frá 9. mars 2023 um strætótengingu við Esjurætur.

Á síðasta ári hætti leið 57 að aka að Esjurótum þar sem Vegagerðin, sem rekur leið 57, mat það svo að þessi gatnamót væru ekki örugg auk þess sem stórir vagnar ættu í erfiðleikum með að komast aftur út á þjóðveginn eftir að hafa stoppað við stöðina og sætu því oft fastir í lengri tíma vegna umferðapunga á þessu svæði. Það er ljóst að Vegagerðin mun ekki heimila akstur leiðar 57 að Esjurótum aftur nema hönnun gatnamótanna yrði breytt.

Hugmynd um lengingu leiðar 7 að Esjurótum gengur ekki upp þar sem það myndi hafa í för með sér a.m.k. 12 mínútna viðbótarakstur fram og til baka að Esjurótum. Það er andstætt leiðarljósum Strætó að taka svo langan krók á leiðina auk þess sem þörf væri á viðbótarvagni til að ná að keyra leiðina. Kostnaðurinn væri því mikill í samanburði við ávinninginn.

Leið 29 er pöntunarleið sem ekur milli Háholts í Mosfellsbæ og Grundahverfis á Kjalarnesi en leiðin stoppar einnig við Esjurætur á leið sinni sé þess óskað. Í boði eru 5 ferðir á dag virka daga en mögulegt væri að fjölga þeim ef ósk kæmi um það frá borgaryfirvöldum.

Virðingarfyllst,
Skipulagsdeild Strætó bs.